



**ORKUSTOFNUN**  
Jarðkönnumardeild

**SÝNIEINTAK**  
*má ekki fjarlægja*

# VATNSBÚSKAPUR AUSTURLANDS II

**Rannsóknir 1978**  
**Áfangaskýrsla**

**Árni Hjartarson**  
**Freysteinn Sigurðsson**  
**Þórólfur H. Hafstað**

OS79018/JKD05

Reykjavík, apríl 1979

# **VATNSBÚSKAPUR AUSTURLANDS II**

**Rannsóknir 1978  
Áfangaskýrsla**

**Árni Hjartarson  
Freysteinn Sigurðsson  
Þórólfur H. Hafstað**

**OS79018/JKD05  
Reykjavík, apríl 1979**

EFNISYFIRLIT

1	RANNSÓKN 1978-RANNSÓKNARÆTLUN 1979 .....	3
2	NEYSLUVATN Á AUSTURLANDI .....	4
3	VATNAJARDFRÆDI AUSTURLANDS .....	5
	HEIMILDIR .....	8

TÖFLUR

TAFLA 1	Flokkun jarðmyndana með tilliti til vatnsleiðni .	5
---------	---	---

MYNDIR

MYND 1	Kort: Vatnabúskapur Austurlands .....	9
--------	---------------------------------------	---

1 RANNSÓKNIR 1978-RANNSÓKNARAÆTLUN 1979

---

Í samræmi við samþykkt fundar SSA í júní 1978 hóf Jarðkönnunar-deild Orkustofnunar jarðfræðilegar og vatnafræðilegar athuganir í Austurlandskjördæmi.

Athuganir þessar fóru fram í júlí og ágúst og miðuðu fyrst og fremst að því að kanna gerð og útbreiðslu vatnsleiðandi jarðlaga og kortleggja lindir. Svæðið frá Langanesströnd og allt suður í Hornafjörð er nú all-vel kannað að þessu leyti, en héruðin vestan Hornafjarðar eru enn lítt athuguð. Margt þarf og nánari athugunar við og bíður það sumarsins 1979. Í þessari skýrslu verður aðeins gerð lausleg grein fyrir því, sem gert hefur verið en stefnt er að því, að endanleg skýrsla um þessar athuganir komi út um næstu áramót. Þetta er í samræmi við fyrirfram gerða áætlun (sbr. Vatnabúskapur Austurlands, OS-JKD-7804, s. 3).

Við framvindu rannsóknarinnar hefur þó orðið ljóst að nokkrar breytingar eru æskilegar á rannsóknaráætluninni. Lagt er til, að meginbreytingin verði sú, að jarðeðlisfræðilegu rannsóknirnar verði skornar niður. Fyrirhugað var að þróa þessar rannsóknaraðferðir til að kortleggja grunnvatnsrásir á áreyrum og dalfyllum, og yrði slík rannsókn þá liður í forkönnun á undan brunngerð eða borun. Eins og mál hafa nú skipast, síðan rannsóknaráætlunin var samin, og vegna fenginnar reynslu af umfangsmanni jarðeðlisfræðilegum rannsóknum (einkum viðnámsmælingum) á Vopnafirði, Neskaupstað og viðar, þykir ekki ástæða til að leggja í þessar tilraunrarannsóknir að sinni.

Í stað jarðeðlisfræðinnar er lagt til, að lögð verði meiri áhersla á yfirborðsathuganirnar, og að auki þykir ástæða til, að gerð verði ýtarlegri úttekt á ástandi vatnsbóla og inntaksmannvirkja á þéttbýlisstöðum á Austurlandi. Til þessa verks býður Orkustofnun fram two sérfraðinga í vatnsveitumálum, borholum og dælubúnaði. Tvímenningarnir myndu fara í viku til 10 daga yfirferð um fjórðunginn, skoða vatnsból, funda með vatnsveitunefndum á hverjum stað og setja fram umbótatillögur þar sem þeirra þykir þörf.

## 2 NEYSLUVATN Á AUSTURLANDI

---

Austfirðir og Vestfirðir eiga við erfiðari vatnsöflunarvandamál að glíma en aðrir landsfjórðungar. Þeir verða að byggja mest á vatnsvinnslu úr lausum jarðlögum, því berggrunnurinn er þéttur. Þar sem lek yfirborðslög eru víðast hvar fremur lítil að útbreiðslu, er þeim nokkuð þróngur stakkur skorinn. Flest bendir þó til þess að nánast alls staðar austanlands, og raunar á landinu öllu, megi afla grunnvatns með ódýrara móti en að reka hreinsistöðvar fyrir yfirborðsvatn. Af 15 þéttbýlisstöðum á Austurlandi eru 8 staðir með góð vatnsból, 2 með gölluð vatnsból og 5 með óviðunandi ástand neysluvatnsmála. Á fjórum af þessum fimm stöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Djúpavogi og Fagurhólmýri eru nú uppi miklar áætlanir um úrbætur. Vatnsbólið á Höfn í Hornafirði er gallað en nýtt vatnsból hefur þegar verið valið og gerðar hafa verið áætlanir um framkvæmdir (sjá kort).

Neskaupstaður og Seyðisfjörður hafa þegar notið nokkurs góðs af framtaki Fjórðungssambandsins, þar sem undirbúningsrannsóknir að nýjum vatnsbólum hafa tengst heildarrannsóknum.

Þess ætti ekki að þurfa að vera langt að bíða að allir staðir austanlands búi við gott neysluvatnsástand. Hér á eftir fer örstutt lýsing á þeim megin þáttum sem vatnafar Austanlands ræðst af og þeirri svæðaskiptingu sem rannsóknir síðasta sumars leiddu í ljós.

3 VATNAJARDFRÆÐI AUSTURLANDS

Jarðlag eða jarðmyndun, sem inniheldur mikið vatn og leiðir það vel, heitir vatnsleiðari eða veitir (aquifer). Jarðlag eða myndun sem leiðir vatn illa eða ekki, er hins vegar nefnt stemmir (aquitaine).

Samkvæmt þessu má skipta íslenskum jarðmyndunum í eftirfarandi flokka:

TAFLA 1

Flokkun jarðmyndana með tilliti til vatnsleiðni

Nr.	Veitar	Stemmar
1.	Lek, laus yfirborðslög (áreyrar, skriður, berghlaup, sandar)	Þétt, laus yfirborðslög (jökulruðningur, hvarfleir)
2.	Nútimahraun	Djúpbergshleifar
3.	Sprungusveimar	Gangar
4.	Bólstraberg	Móberg og móbergsútskolanir
5.	Óholufyllt hraunlög í berggrunni	Holufyllt hraunlög í berggrunni
6.	Þunnlögótt þóleyjarbasalt	Kjarnar megineldstöðva
7.	Gróft setberg í berggrunni (völuberg, sandsteinn)	Fínt setberg í berggrunni (leir- steinn, öskulög, flikruberg, jökul- berg).

Í Austurlandskjördæmi eru veitar í fyrsta flokinum lang algengastir og mikilvægastir.

Fjórði og fimmti flokkurinn koma örlítið við sögu í Öræfum, hinir flokkarnir hafa ekki hagnýta þýðingu.

Í grófum dráttum er unnt að skipta kjördæminu upp í fimm innbyrðis ólik

vatnafarssvæði. Nyrsta svæðið er Langanesströnd allt að Digranesi. Í heild einkennist þessa svæði af litlu grunnvatnsrennsli. Lek yfirborðslög, svo sem áreyrar og malarhjallar, eru efnislítil á þessum slóðum og berghlaup fyrirfinnast ekki. Þéttur jökulruðningur er hins vegar all útbreiddur. Berggrunnurinn er víðast hvar þéttur og óvatnsgengur, nema hvað lekt berg virðist vera í Hágöngum og umhverfi þeirra. Lindáreinkenna verður vart í ám, sem þar eiga upptök sín (Sigurjón Rist 1969). Neysluvatnsöflun á þessum slóðum getur víða verið vandkvæðum bundin sakir lítillar útbreiðslu veitanna, auk þess sem úrkoman er tiltölulega lítil.

Næsta svæði er allur skikinn frá Vopnafirði og suður að Djúpavogi. Á þessum slóðum er berggrunnurinn að yfirgnæfandi meirihluta til úr basísku bergi, holufylltu, þéttu og óvatnsgengu.

Lek yfirborðslög eru víða tiltölulega efnismikil. Veitar eru annað hvort áreyrar eða berghlausurðir, en mjög er þeim misskipt milli einstakra staða. Á þessu svæði er að finna þá staði, þar sem erfiðast er um vatnsöflun, en einnig þá, þar sem auðveldast er um vik.

Priðja svæðið nær úr Hamarsfirði og suður í Suðursveit. Djúpberg og súrt berg eru áberandi berggerðir. Fjöll sem gerð eru úr þessu bergi eru oft all hlíðabrott og jafnan skriðuopin mjög. Berggrunnurinn er þéttur en skriðurnar eru hins vegar lekar og veitar góðir, þótt stundum bresti á um síunarhæfni þeirra. Líparít blandnar áreyrar virðast að jafnaði lekari en eyrar úr hreinu basalti. Það má því gera ráð fyrir, að áreyrar og dalfyllingar á þessum slóðum geti verið gjöfulir veitar.

Fjórða svæði er Öræfin. Þar er berggrunnurinn ungur og lítt holufylltur. Gagnstætt við aðra hluta kjördæmisins streymir því mikið vatn um bergið. Jafnframt tryggir mikil úrkoma á þessum slóðum mikið rennsli vatns í þessar jarðmyndanir.

Fimmta svæðið mætti nefna, en það er sandarnir sunnan Vatnajökuls allt frá Hornafirði og vestur úr. Vatnafar þeirra hefur ekkert verið kannað.

um þá á sér eflaust stað mikið grunnvatnsstreymi, enda halda nálæg fallvötn uppi grunnvatnsborði. Jafnframt eru líkur á því, að jarðsjór sé víða neðantil í söndunum undir grunnvatnslaginu. Sem veitar hafa sandarnir ekki neina hagnýta þýðingu og munu varla öðlast hana í náinni framtíð.

Sú grófa mynd, sem hér hefur verið dregin upp, verður rammi að mun nákvæmari skiptingu á vatnsgæfum jarðlöggum á Austurlandi og umfjöllun um þau í lokaskýrslunni. Þar verður reynt að tína til alla meiri háttar veita í fjórðungnum og áætla vatnsgæfni þeirra, hvers um sig, og aðra verðleika og gera tillögur um verndun þeirra vatnsbólasvæða, sem líkur eru á að nýtt verði í framtíðinni.

H E I M I L D I R

Arni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson, Þórólfur H. Hafstað, 1978:

Vatnabúskapur Austurlands. Skýrsla I, Forkönnun, OS-JKD-7804,  
Reykjavík, 1978, 37 s.

Arni Hjartarson 1978: íslenskt vatnafarskort og vatnajarðfræði. 4. árs  
verkefni. Háskóli Íslands, 1978, 78 s.

Sigurjón Rist 1969: Vatnasvið Íslands, Orkustofnun, Vatnamælingar,  
Reykjavík, 92 s.



Mynd 1


SKÝRINGAR:

----- mörk vatnafarssvæða

○ góð vatnsból

◐ gölluð vatnsból

● óhæf vatnsból



Vatnafarssvæði Austurlandskjördæmis og ástand neysluvatnsmála